

# Íslenskur iðnaður

**SI** Samtök  
iðnaðarins

1. tbl. 23. árg. september 2017



►► **Mótum  
framtíðina  
saman**

Guðrún Hafsteinsdóttir



►► **Íslenskur iðnaður  
er forsenda  
lífsgæða  
í landinu**

Sigurður Hannesson



▶▶ Það er gríðarlega mikilvægt að okkur takist að fá fleiri í starfsnám og þar gegna fyrirtækin okkar lykilhlutverki. ◀◀



Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI.

# Mótum framtíðina saman

Mannkynið stendur á tímamótum nú þegar við erum stödd í miðri 4. iðnbyltingunni. Það má halda því fram að með iðnbyltingunni fyrri sem hófst undir lok 18. aldar hafi vélbúnaður frelsað mannkynið frá margvíslegri líkamlegri erfiðisvinnu. Við erum fá sem myndum vilja leggja skurðgröfunum og taka aftur til við að handmoka alla skurði. Enn á ný er mannkynið að taka stórstíggum framförum og feta veg sem við sjáum ekki fyrir endann á.

Við getum ekki dvalið í fortíðinni þegar framtíðin bankar á dyrnar. Við verðum að velta því fyrir okkur núna hvaða sérþekkingu við þurfum á að halda eftir 10-15 ár. Nýverið spurðu Samtök atvinnulífsins í Noregi félagsmenn sína að því hvaða þekkingu þeir þyrftu á að halda á næstu fimm árum. Það stóð ekki á svarinu. Það verður mest eftirspurn eftir iðn- og tækni-menntuðu fólki auk þeirra sem hafa þekkingu í tölvu- og verkfræði. Eftirspurn eftir fagmenntuðu fólki heldur áfram að aukast þar sem hér.

Félagsmenn okkar hjá Samtökum iðnaðarins finna einnig fyrir þessari knýjandi þörf. Hvar sem maður kemur í fyrirtæki í dag eru áhyggjur forsvarsmanna fyrirtækja okkar þær sömu: „Okkur vantar iðn- og tækni-menntað fólk“. Það er gríðarlega mikilvægt að okkur takist að fá fleiri í starfsnám og þar gegna fyrirtækin

okkar lykilhlutverki. Aukin tæknivæðing mun kalla eftir fólki með góðan tæknilegan bakgrunn og gott verkvit. Hæfni og góð menntun eru lykilatriði fyrir ungt fólk sem vill ná góðum árangri á vinnumarkaði.

Það er ljóst að mörg störf sem við þekkjum í dag munu taka stórkostlegum breytingum eða jafnvel leggjast alveg af. Ný störf verða til samfara nýrri tækni. Það er verkefni okkar í dag að móta verkefni morgundagsins. Það gerum við best saman.



## Viðburðir

### 2017

- 27.09 Fræðslumál ólíkra fyrirtækja
- 12.10 Umhverfisdagur atvinnulífsins
- 13.10 Tækni- og hugverkafing SI
- 15.11 Framleiðsluþing SI

### 2018

- 26.01 Útboðsþing SI
- 15.02 Menntadagur atvinnulífsins
- 08.03 Iðnþing SI
- 08.03 Verk og vit

# Íslenskur iðnaður er forsenda lífs-gæða í landinu

Íslenskur iðnaður er ein af lykilforsendum velmegunar í landinu. Útflutningsverðmæti iðnaðarins nema á fimmta hundrað milljarða króna og tvær af fjórum meginstoðum íslensks útflutnings eiga rætur að rekja til iðnaðnaðar. Fimmta hvert starf á landinu er tengt iðnaði með beinum hætti í fjölbreyttri starfsemi á sviði framleiðslu-, mannvirkja- og hugverkaiðnaðar. Þetta er ágætt að hafa í huga þegar kemur að því að velja vörur og þjónustu, ekki síst þar sem hið innlenda stenst fyllilega samanburð við hið innflutta. Þess vegna er full ástæða til að fagna því að forseti Íslands skyldi taka áskorun okkar um að vinna með okkur að því að sýna íslenska framleiðslu og hönnun á Bessastöðum og á öðrum opinberum stöðum.

Innan Samtaka iðnaðarins eru um 1.400 aðildarfyrirtæki sem starfa á ólíkum sviðum en sameinast um einstök málefni sem eru iðnaðinum og þar með landsmönnum öllum til framdráttar. Samtök iðnaðarins eru hreyfiafl í íslensku samfélagi sem eiga að taka frumkvæði í mikilvægum málum sem varða iðnaðinn, leysa verkefni með skapandi hætti og nýjum hugmyndum, koma inn í umræðuna á uppbyggilegan hátt og vinna með stjórnvöldum að umbótum í samfélaginu.

## ▶▶ Samtök iðnaðarins eru hreyfiafl í íslensku samfélagi sem eiga að taka frumkvæði í mikilvægum málum sem varða iðnaðinn. ◀◀

Aðaláhersla verður lögð á fjóra meginþætti í starfi samtakanna: menntamál, nýsköpun og tækniþróun, styrkingu innviða og starfsumhverfi íslenskra iðnfyrirtækja í þáttum eins og regluverki, sköttum og hagstjórn.

Umbætur á öllum þessum sviðum gera það eftirsóknarverðara að búa á Íslandi og leiða til aukinnar framleiðni og hagsældar fyrir alla landsmenn.

Leggja þarf áherslu á að efla iðn-, tækni- og raungreinamenntun þar sem skortur á starfsfólki með slíka menntun er nú þegar staðreynd. Forritun er mál 21. aldarinnar og því mikilvægt að hún verði gerð að skyldufagi í grunnskólum. Þar þarf sameiginlegt átak atvinnulífs og stjórnvalda. Menntakerfið okkar verður að aðlaga sig hratt að nýjum veruleika þar sem starfskraftar framtíðarinnar eru að mennta sig núna.

Nú þegar fjórða iðnbyltingin er hafin með sínum tækifærum og áskorunum er mikilvægt að stilla saman strengi í þjóðfélaginu. Samtök iðnaðarins hafa skýr markmið um að Ísland standi jafnfætis þeim löndum sem standa sig hvað best í nýsköpun í heiminum. Á þeim vettvangi eru mörg tækifæri sem hægt er



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI.

að nýta til að bæta stöðu okkar. Á þessu sviði verðum við að mæta alþjóðlegri samkeppni um umgjörð nýsköpunar.

Sterkir innviðir eru forsenda þess að atvinnulífið blómstri um allt land. Það verður að tryggja öryggi og aðgengi hvort sem lítið er til samgangna, fjarskipta, raforku eða gagnatenginga. Á síðustu árum hefur of lítið verið fjárfest í innviðum og því brýnt að bæta þar úr. Til að styðja við hagvöxt næstu ára er nauðsynlegt að ráðast í verulega uppbyggingu innviða landsins með samstarfi hins opinbera og einkaaðila.

Stöðugt starfsumhverfi skiptir sköpum fyrir atvinnulífið svo að áætlanir fram í tímann fái staðist. Bæði regluverk og skattkerfi eiga að vera einföld og skilvirk. Ein af helstu áskorunum stjórnvalda er að auka stöðugleika. Mikilvægast er að ráðast að rót vandans sem fólgin er í miklum raunvaxtamun við útlönd og ætti að horfa til þess við endurskoðun peningastefnu sem nú stendur yfir. Eins þurfa stjórnvöld og Seðlabanki Íslands að ganga í takt. Ríkisfjármál eiga að vera í takti við hagsveiflurnar þegar sýna þarf aðhald á hagvaxtarskeiði og bæta í þegar hagkerfið dregst saman.



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, og Árni Jóhannsson, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI, skoðuðu fjölbreytta framleiðslu Límtrés/Vírnets í Borgarnesi. Hér eru þeir ásamt Andra Daða Aðalsteinsynni, markaðsstjóra fyrirtækisins.

Það er svo sannarlega gefandi að hitta félagsmenn og heyra af starfsemi ólíkra fyrirtækja. Heyra af því sem vel gengur og eins því sem betur má fara. Sé tekist á við helstu áskoranir með skapandi hætti, nýjum hugmyndum, áræðni og metnaði mun Ísland áfram verða í fremstu röð.



# Iðnaður er umfangsmikill í íslensku efnahagslífi



Ingólfur Bender, hagfræðingur SI.

Iðnaður er mjög umfangsmikill í íslensku efnahagslífi. Greinin er fjölbætt og snertir nær alla þætti hagkerfisins. Hefur greinin átt stóran þátt í núverandi efnahagsuppsveiflu og skapað stóran hluta af þeim störfum sem myndast hafa í hagkerfinu frá því það byrjaði að taka við sér 2010.



## Iðnaður skapar ríflega 29% landsframleiðslunnar

Innan iðnaðar er fjölbreytt flóra af fyrirtækjum sem eru samofin öllum sviðum efnahagslífsins. Iðnaðarstarfsemi hér á landi er því afar mikilvægur þáttur í gangverki hagkerfisins og skapar margvísleg störf. Skapaði greinin ríflega 29% landsframleiðslunnar með beinum hætti á árinu 2016, eða 705 milljarða króna. Þegar tekið er með óbeint framlag greinarinnar til verðmætasköpunar hagkerfisins er umfang hennar umtalsvert meira.

Af einstökum greinum iðnaðar má nefna að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð nam 6,8% af verðmætasköpun hagkerfisins í fyrra, starfsemi rafmagns-, hita- og vatnsveitu 5,0% og framleiðsluiðnaður án fiskvinnslu 8,4%. Upplýsinga- og fjarskipta-iðnaðurinn skapaði síðan 5,1% landsframleiðslunnar í fyrra og fleiri þættir hugverkaiðnaðarins 3,8%.



## Iðnaður að baki a.m.k. þriðjungu hagvaxtarins

Hlutur iðnaðar í hagvaxtarþróun síðustu ára hefur verið umtalsverður. Um þriðjung hagvaxtarins í núverandi efnahagsuppsveiflu má rekja til iðnaðar með beinum hætti. Óbein áhrif eru síðan talsverð þ.e. ef tekið er tillit til allra þeirrar starfsemi sem tengist verðmætasköpun iðnfyrirtækja. Hefur hlutur iðnaðar í verðmætasköpun hagkerfisins aukist undanfarið, sérstaklega vegna mikils vaxtar í þeim greinum iðnaðar sem eru að þjónusta innlenda eftirspurn. Iðnfyrirtæki sem eru í hvað mestri samkeppni við erlend iðnfyrirtæki hafa hins vegar liðið fyrir hátt gengi krónunnar. Það hefur þó verið vöxtur.



## Einn af hverjum fimm í iðnaði

Iðnaður er umfangsmikill á íslenskum vinnumarkaði. Ríflega 38 þúsund launþegar voru í iðnaði á síðastliðnu ári. eru störfin fjölbreyttleg á sviði framleiðsluiðnaðar, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar, og tækni- og hugverkaiðnaðar. Í fyrra var 21% launþega hér á landi í iðnaði eða ríflega einn af hverjum fimm.

## Hlutur iðnaðar í hagvaxtarþróun síðustu ára hefur verið umtalsverður.

Mikil gróska hefur verið í iðnaði á síðustu árum. Hefur starfandi fólk í greininni fjölgað um 5.900 frá því að hagkerfið byrjaði að taka við sér í núverandi efnahagsuppsveiflu. Er þetta um 23% af öllum störfum sem skapast hafa í hagkerfinu á þessum tíma. Undirstrika tölurnar þátt greinarinnar í að ná niður atvinnuleysi á tímabilinu, en atvinnuleysið var eitt helsta böli íslensks samfélags eftir efnahagsáfallið 2008. Einnig benda tölurnar til þess að þáttur iðnaðar í hagvexti á þessum tíma hafi verið mikill.



## Iðnaður skapar 36% gjaldeyristekna

Gjaldeyristekjur fyrirtækja í iðnaði námu í fyrra 422 milljörðum króna eða 36% af heildargjaldeyristekjum þjóðarþúsins af útflutningi vöru og þjónustu. Tekjurnar eru af fjölbættari starfsemi iðnaðar á sviði framleiðslu-, hugverka- og byggingariðnaðar.

Vöruútflutningur er stærsti þáttur iðnaðarútflutnings þó gjaldeyristekjur þjónustuiðnaðar séu einnig talsverðar. Ál, járnblendi og málmar eru umfangsmesti einstaki hluti í útflutningi iðnaðarvара með 18% gjaldeyristekna árið 2016, eða tæplega 208 milljarðar króna. Í fyrra voru gjaldeyristekjur af útflutningi iðnaðarvара án stóriðju ríflega 9% gjaldeyristekna eða ríflega 107 milljarðar króna. Um er að ræða iðnaðarvörur á borð við vélar og rafeindabúnað fyrir matvælaíðnað, lyf og lækningavörur og plastvörur. Þessu til viðbótar námu gjaldeyristekjur af útflutningi þjónustu á sviði iðnaðar 9% gjaldeyristekna í fyrra eða tæplega 107 milljörðum króna. Er þar um að ræða gjaldeyristekjur hugbúnaðar- og hugverkaiðnaðarins.



## Iðnaður velti 1.357 milljörðum króna á síðasta ári

Velta í iðnaði nam 1.357 milljörðum króna á síðasta ári. Um er að ræða um 33% af allri virðisaukaskattskyldri veltu fyrirtækja í landinu. Undirstrikar það hlutfall mikið umfang iðnaðar í hagkerfinu. Er hlutfallið svipað og það hefur mælst að meðaltali í þessari efnahagsuppsveiflu.